

Námsvísir: Samfélagsfræði á miðstigi í Hvolsskóla skólaárið 2007-2008



Kennarar: Christina M. Bengtsson, Esther Sigurpálsdóttir, Guðbjörg Júlídóttir, Lárus Viðar Stefánsson, Ragnheiður Jónasdóttir og Þórunn Óskarsdóttir.

Stuðningsfulltrúi: Steinunn Arnardóttir

Eitt af hlutverkum skólans er að búa nemendur undir starf í því þjóðfélagi sem þeir munu tilheyra sem fullorðnir einstaklingar. Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo það öðlist vitund um samfélagið, nánasta umhverfi og söguna. Landfræði gegnir lykilhlutverki á milli manns og náttúru. Íslenskir nemendur búa við einstakar aðstæður og mikla nálægð við náttúru Íslands sem skapar okkur nokkuð sérstakar aðstæður í harðbýlu landi. Markmið skóla eru miðuð við Aðalnámskrá grunnskóla 2007.

Markmið skólans: að nemendur kynnist staðháttum, kennileitum og byggð í landi sínu, Íslandi. Mikilvægt er að nemendur læri að lesa upplýsingar af landakortum og vinna með landakort. Saga þjóðar er mikilvæg og verður svo um fyrirsjáanlega framtíð. Markmiðið er að kynna nemendur fyrir sögu Íslands og tengsl þess við nágrannaþjóðirnar. Skoðuð verður staða Íslands á fyrri öldum og nemendum kennt að lesa af tímási.

Markmið nemenda:

- Að nemandi þekki upphafssögu Íslandsbyggðar
- Kynnist trúarbrögðum áður fyrr
- Kynnist helstu íslendingasögunum s.s. sögu Snorra Sturlusonar
- Kynni sér lífsmáta íslendinga á miðöldum
- Þekki helstu bæi og kaupstaði á Íslandi
- Þekki á Íslandskorti nöfn og staðsetningu, stærstu ár, vötn, eyjar og fjallgarða
- Þekki helstu atvinnuvegi fyrr og nú
- Kynnist ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- Fá þjálfun í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Til að ná settum markmiðum verður leitast við að nota sem fjölbreytilegastar kennsluaðferðir þannig að hægt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins. Unnið verður með þemaverkefni, áhugasviðsverkefni, útikennslu, hópavinnu, einstaklingsvinnu og innlagnir í litlum hópum.

Námsgögn:

Helstu námsbækur eru: Lífið fyrr og nú, Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum, Sjálfstæði Íslendinga 1, Landshorna á milli og Landnám Íslands. Unnið verður í vinnubækur, notuð forrit, veraldarvefurinn, kort, landakortabók, sjónvarp, myndband og fleira.

Athugið að þeir nemendur sem vilja styðjast við hljóðbækur geta fengið þær lánaðar á bókasafninu.

Námsmat:

Verkmöppumat, símat, jafningjamat og sjálfstæð verkefni. Lögð er áhersla á vönduð, snyrtileg og sjálfstæð vinnubrögð.